

Guðrún Laufey Guðmundsdóttir

**„Lét ég þá stúlkur mínar kveða mér til afþreyingar  
lystug kvæði.“<sup>1</sup>**

**Um tónlistarþátttöku kvenna á 18. öld**

*Inngangur*

Afar lítið hefur verið skrifað um tónlist á Íslandi og má segja að þessi hluti sögunnar hafi verið látinn nær alveg afskiptalaus. Verið er að vinna bragarbót á þessu með rannsóknum sem varpa nýju ljósi á íslenska tónlistarsögu. Í greininni verður athyglinni beint að þátttöku og hlutverki kvenna í tónlistarlífi hér á landi eftir siðaskiptin, sérstaklega á 18. öld. Meðal annars verður skoðað hversu mikinn þátt konur tóku í sálmasöng. Voru þær virkir þátttakendur í söngnum eða óvirkir hlustendur? Var einhver munur á opinberum söng kirkjunnar eða óopinberum í því sambandi? Hvaða vísbendingar gefa sálma- og nótnahandrit okkur um þetta efni og búum við svo vel að eiga frásagnir af söng og hljóðfærslætti kvenna?

En áður en við snúum okkur að meginefni greinarinnar mun ég skýra lítillega frá nýlegum rannsóknum mínum á íslenski tónlist á siðaskiptatímanum sem eru forsenda þess að við getum skoðað þætti eins og tónlistarþátttöku kvenna.

*Rannsóknir á íslenski tónlist*

Í rúm fimm ár hef ég unnið að rannsókn á íslenski tónlist og tónlistarsögu.<sup>2</sup> Meginmarkmið rannsóknarinnar er að gera grein fyrir íslenskum tónlistararfi, en fáir áttuðu sig á hversu mikið hefur varðveist af nótum í handritum. Um er að ræða umfangsmikla athugun og skráningu á

---

<sup>1</sup> Jón Steingrímsson: *Ævisaga séra Jóns Steingrímssonar ...*, bls. 313.

<sup>2</sup> Frumkvöðull að verkefninu var *Collegium musicum*, samtök um tónlistarstarf í Skálholti. Helgisiðastofnun kom svo síðar að rannsókninni. Ég vann hluta rannsóknarinnar á vegum þessara stofnana en starfa nú sjálfstætt. Meðal annarra sem hafa unnið með íslenska tónlist má nefna Dr. Bjarka Sveinbjörnsson tónlistarfræðing, en hann hefur sett upp vefsíðuna Ísmús, <http://ismus.bok.hi.is> sem hefur að geyma upplýsingar um tónlistarhandrit og myndir af lögnum í þeim.

pappírshandritum, skrifuðum á tímabilinu 1550-1800. Fyrstu skrefin voru hreinlega að fara í gegnum öll kvæðahandrit frá þessum tíma og kom þá í ljós að víða mátti finna nótur í áður óþekktum tónlistarhandritum. Nú er búið að skrá í gagnagrunn upplýsingar um yfir hundrað nótnahandrit og rúmlega þúsund sálmalög sem þar er að finna. Meðfram því að skrá handritin og upplýsingar um þau var farið ítarlega í heimildir sem varða tónlist hér á landi.

Þessar athuganir gáfu til kynna að íslensk tónlistarsaga er mun áhugaverðari en áður var talið. Öll þessi nótnahandrit sýna svo ekki verður um villst að söngurinn lifði góðu lífi meðal almennings og ljóst að mörg falleg sálmalög, sum hver íslensk, hafa fallið í gleymsku.<sup>3</sup>

### *Sálmásöngur*

Sálmásöngur var ríkur þáttur bæði í opinberum og óopinberum trúariðkunum. Opinberar teljast þær trúarathafnir sem áttu sér stað innan kirkjunnar eða utan undir leiðsögn sóknarprests, en óopinberar trúariðkanir fóru fram innan veggja heimilisins undir leiðsögn húsbóndans.<sup>4</sup>

Kirkjunnar menn hvöttu til þess að fólk syngi sálma í dagsins önn, innan kirkju sem utan, og töldu slíkan söng eiga heima á öllum tímum dagsins.<sup>5</sup> Yfir daginn voru tvær fastar stundir til bænagjörðar og lesturs á guðsorði, morgun- og kvöldlestrar, og var sálmásöngur hluti af þeim. Morgunlestrararnir voru ekki jafn formlegir nema þá á sunnudögum, þegar stundin kom í stað guðþjónustunnar fyrir þá sem ekki komust til kirkju,<sup>6</sup> og á föstunni þegar venjan var að lesa kvölds og morgna.

Húslesturinn á kvöldin var meginhluti heimilisguðrækninnar og þjónaði sálmásöngur mikilvægu hlutverki á þeim stundum. Húslesturinn var lokastund kvöldvökunnar og var árstíðabundin eins og hún, þar sem aðeins var lesið yfir vetrartímann, og voru stundirnar ætlaðar heimilisfólkinu á bænum. Húslesturinn var helgiathöfn og vísaði til guðþjónustunnar með bænalestri og sálmásöng sem mynduðu umgjörð um lesturinn eins og um predikunina í kirkjunni. Venja var að syngja sálma

---

<sup>3</sup> Guðrún Laufey Guðmundsdóttir: *Tónlistararfur Íslendinga á myrkum nýöldum og endurheimtun hans*, bls. 81-82.

<sup>4</sup> Hjalti Hugason: „Kristnir trúarhættir“. *Íslensk þjóðmenning* V, bls. 78-79.

<sup>5</sup> Slík fyrirmæli eru meðal annars að finna í formála Guðbrands Þorlákssonar biskups að *Graduale. Ein almennileg messusöngsbók* sem kom út 1594 og *Ein ný vísnaþók (Bishops Guðbrands vísnaþók)* frá 1612. Báðir formálarnir eru án blaðsíðutals.

<sup>6</sup> Hjalti Hugason: „Kristnir trúarhættir“. *Íslensk þjóðmenning* V, bls. 300-301.

fyrir og eftir lesturinn og þótti söngurinn auka mjög á helgi stundanna. Lesarinn valdi þá sálma sem syngja skyldi og ef enginn kunni lagið eða treysti sér til að syngja var sálmurinn lesinn sem þótti miður og ekki jafn hátíðlegt. Oftast tók einhver heimilismaður að sér að leiða sönginn og þeir sem sungu með sátu í kringum forsöngvarann. Söngurinn á þessum stundum var mun frjálssari að forminu til en í kirkjunni og virðast konur hafa verið virkir þátttakendur í söngnum.<sup>7</sup> Í opinberum sálmasöng kirkjunnar voru það hins vegar aðeins karlmenn sem sáu um safnaðarsönginn og hlutverk forsöngvarans var oftast í höndum djáknans. Sætaskipanin var kynjaskipt og ekki þótti viðeigandi að konur sætu í kórnum, sem dró enn frekar úr möguleikum þeirra til þátttöku í safnaðarsöngnum, og þær byrjuðu ekki að syngja með fyrr en sætaskipanin hvarf á 19. öld.<sup>8</sup> Þögn kvenna í kirkjunni var þó ekki í samræmi við óskir yfirvalda og í tilskipun frá 29. maí 1744 kveður á um: „at de alle, ei alene Mands-men og Qvindes-Personer, som kunne læse, have hver sin Psalmebog med sig, for deraf at sjunge.“<sup>9</sup> Það er því ljóst að hefðin, það er að aðeins karlarnir syngju við guðþjónustur, var tilskipun yfirvalda yfirsterkari allt fram á síðustu öld.<sup>10</sup>

Sálmasöngurinn í kirkjunni var fastmótaður og aðeins sungin þau sálmalög sem voru í prentuðum bókum. Þau sálmalög sem fundist hafa í handritum gefa til kynna að miklu fleiri lög hafi verið þekkt því fjölda sálmalaga úr handritum er hvergi að finna í prentuðum bókum. Þessi sálmalög tilheyra meðal annars heimilisguðrækninni þar sem sálmaval var fjölbreyttara. Þessu til stuðnings má nefna að í handritum hafa fundist 62 lög við kvöld- og morgunsálma og af þeim lögum hafa 26, eða um 42%, aðeins varðveist í handritum, þ.e. að þau voru aldrei prentuð í íslenskar sálmabækur.<sup>11</sup>

Safnaðarsöngur í kirkjunni byggðist mikið til á þeim söng sem tilheyrði heimilisguðrækninni. Sálmasöngurinn var lærður og æfður inni á heimilunum þar sem fleiri höfðu tækifæri til að taka þátt í söngnum, til

---

<sup>7</sup> Magnús Gíslason: *Kvállsvaka*, bls. 116-119; Hjalti Hugason: „Kristnir trúarhættir“. *Íslensk þjóðmenning* V, bls. 293-300.

<sup>8</sup> Hjalti Hugason: „Kristnir trúarhættir“. *Íslensk þjóðmenning* V, bls. 150, 161, 201, 247, 439.

<sup>9</sup> *Lovsamling for Island* II. 1724-1748, bls. 513.

<sup>10</sup> Helstu heimildir Hjalta eru svör almennings við spurningaskrá þjóðhátadeildar Þjóðminjasafnsins, spurning nr. 40. Þættir um kirkju og prest. Hjalti Hugason: „Kristnir trúarhættir“. *Íslensk þjóðmenning* V, bls. 439.

<sup>11</sup> Guðrún Laufey Guðmundsdóttir: *Söngarfur íslensku þjóðarinnar. Rannsókn á upptökum laga við íslenska dagtíðasálma*, bls. 59-60.

dæmis konur og börn, og þar lærði fólk lögin, bæði með því að hlusta á aðra syngja og taka sjálfst undir. Það þarf því ekki að efast um hversu mikilvægur þessi söngur innan heimilanna og þar með þátttaka kvenna var opinberum sálmasöng kirkjunnar.

### *Sálmahandrit í eigu kvenna*

Ein vísbendingin um þátttöku kvenna í söng eru fjöldi sálmahandrita í eigu þeirra, sum hver með nótum. Á meðan notast var við prentaðar bækur í kirkjunni má leiða líkur að því að handritin hafi frekar verið notuð heima við. Handritin voru persónulegri en bækurnar og gjarnan skrifuð eftir fyrirmælum eigendanna eða forfeðra þeirra.<sup>12</sup> Af því má áætla að í þeim hafi verið efni sem naut vinsælda, sálmar og sálmalög sem fólk taldi þess vert að eiga og varðveita og þá kannski sérstaklega þau lög sem ekki voru í prentuðum bókum.

Konur áttu handrit til jafns við karla og algengt var að konur erfðu handrit og lausafé á meðan karlmenn fengu frekar fasteignir, jarðir og býli.<sup>13</sup> Einnig fengu kvenmenn sálma- og kvæðahandrit að gjöf og má í því sambandi nefna fimm eiginhandarit síra Hallgríms Péturssonar að Passíusálmunum. Vitað er að Hallgrímur gaf fjögur þeirra konum tengdum vinum sínum og góðgerðarmönnum, þar á meðal Ragnheiði Brynjólfsdóttur biskups, en það handrit er nú varðveitt á handritadeild Landsbókasafnsins og er, að því talið er, eina varðveitta eiginhandarit Hallgríms.<sup>14</sup>

Hluti þeirra nótnahandrita sem komið hafa fram í rannsókninni voru í eigu kvenna. Meðal þeirra er handritið *MS Borealis 77*, íslensk sálmabók skrifuð af Jóni Torfasyni árið 1664 fyrir „guðhrædda og dyggðum prýdda h. kvinnu Hólmfríði Sigurðardóttur að Vatnsfirði“ eins og segir á titilsíðu handritsins sem inniheldur 62 sálmalög. Einnig má nefna tvö önnur nótnahandrit sem innihalda morgun- og kvöldsálma. Handritið *ÍB 879 8vo* var skrifað af Þorbirni Salómonssyni árið 1730 og var í eigu sonardóttur hans, en í handritinu eru sjö sálmar með nótum. *Lbs 4391 8vo* er sálmabók skrifuð á 18. öld af óþekktum ritara en í handritinu eru sjö sálmar með nótum og var það í eigu Steinunnar Runólfsdóttur sem fékk það að gjöf frá afa sínum árið 1810.

---

<sup>12</sup> Handritin bera oft með sér að vera rituð eftir fyrirmælum eigenda. Gjarnan hafa upplýsingar þess efnis verið skrifaðar á laust pláss í handritinu þar sem segir hver skrifaði handritið og fyrir hvern.

<sup>13</sup> Margrét Eggertsdóttir: „Um kveðskap kvenna og varðveislu hans“, *Vefnir*, bls 1.

<sup>14</sup> Páll Eggert Ólason: „Ferill Passíusálmahandrits ...“, *Skírnir*, bls. 187-191.

## Frásagnir af söng kvenna

Í heimildum má finna ummæli um íslenska tónlist. Flest varða þau karlmenn og þar á meðal eru skrautlegar lýsingar á söng þar sem íslensk tónlist fær misgóða dóma.

Skemmtilegar frásagnir af tónlistarflutningi kvenna eru meðal annars í *Ævisögu séra Jóns Steingrímssonar* þar sem Jón, oft nefndur eldklerkur, skrifar um það hversu mikla ánægju hann hafi haft af fögrum söng, þó að hann sjálfur hafi ekki verið mikill söngmaður. Jón sem var tvígiftur og átti fimm dætur með fyrri konu sinni þakkar Guði fyrir það að eiginkonur, börn og stjúpbörn hafi öll haft góð hljóð og skýrir frá því að börnin hafi lært og æft tvísöng og sungið sín á milli og með öðrum marga slíka sálma. Í ævisögu sinni skrifar Jón að hann hafi eitt sinn verið illa haldinn af handarmeini og segir svo frá: „Lét ég þá stúlkur mínar kveða mér til afþreyingar lystug kvæði, er þær mörg kunnu, sem hrærðu svo sansana, að ég fann á meðan til slétt engrar tilfinningar, sem ég ekkert liði.“<sup>15</sup> Samkvæmt Jóni kunnu konur ekki aðeins að syngja heldur einnig að leika á hljóðfæri. Hann segir t.d. frá því þegar hann gestkomandi á bæ einum rekur augun í snoturt langspil og spilaði húsfreyjan fyrir hann „... ein þau lystilegustu lög, hvar við ég endurlifnaði og fékk þar af sérleg rólegheit.“ Jón lék sjálfur á langspil en gat ekki hugsað sér að spila á hljóðfæri vegna „... innvortis angursemi og hugsun til fyrri daga ...“ en hann hætti að fara með hljóðfærið vegna þeirra margföldu mæðu sem féll yfir hann eftir jarðeldsumganginn.<sup>16</sup>

Í ferðabókum MacKenzie og Hookers<sup>17</sup> eru frásagnir af tónlistarflutningi heimilisfólks Magnúsar Stephensens. Sumarið 1809 var Hooker staddur á heimili Magnúsar að Innra-Hómi og segir svo frá: „I was next entertained with Danish and Icelandic songs, by the Etatsroed's daughter, which she accompanied with tunes upon the *Lang-spel* ... the Etatsroed's daughter frequently made use only of her fingers, as with a guitar, in doing which she pressed the end of her thumb alone upon the wires, moving it up and down to produce the different modifications of sound.“<sup>18</sup> Ári seinna var annar enskur ferðamaður, Mackenzie að nafni,

---

<sup>15</sup> Jón Steingrímsson: *Ævisaga séra Jóns Steingrímssonar* ... , bls. 313.

<sup>16</sup> Jón Steingrímsson: *Ævisaga séra Jóns Steingrímssonar* ... , bls. 315.

<sup>17</sup> William Jackson Hooker var þekktur grasfræðingur sem kom hingað til lands árið 1809. Sir George Steuart Mackenzie var enskur barónett sem ferðaðist um Ísland sumarið 1810.

<sup>18</sup> William Jackson Hooker: *Journal of a tour in Iceland* ... , bls. 282-283.

staddur á Innra-Hólmi í góðu yfirlæti þegar hann allt í einu heyrði tónlist í fyrsta sinn hér á landi, ef frá er skilið „fiðlusarg“ á balli í Reykjavík, eins og þeir orðuðu það. Tónlistarmennirnir voru börn Magnúsar sem léku á langspil<sup>19</sup> og síðar um kvöldið sungu konurnar á heimilinu fyrir Mackenzie sem skrifar: „The young ladies did their best to entertain us with singing; but the mode they had of screwing, not raising, their voices to a pitch never before attempted, reminded us of an error not unfrequent in our own country, where musical proficiency is too often only a display of feats of art, which have no reference whatever to the emotions which natural melody is calculated to excite.“<sup>20</sup>

Samkvæmt þessum lýsingum voru konur jafn hæfar til tónlistarflutnings og karlmenn og jafnvel fengnar til að spila og syngja fyrir erlenda gesti. Að undanskildum tónlistarflutningnum á Innra-Hólmi voru þeir Mackenzie og Hooker ekki mjög hrifnir af þeirri litlu tónlist sem þeim barst til eyrna hér á landi en hafa ber í huga að þeir félagar voru efnaðir menntamenn af góðum ættum og hafa verið vanir mjög vönduðum tónlistarflutning atvinnumanna.

### *Veraldlegur söngur*

Meira var sungið en aðeins sálmalög og þó að kirkjan hafi litið veraldlega tónlist og kveðskap hornauga lifði hún góðu lífi meðal almennings. Kvæðamennirnir voru skemmtikraftar síns tíma, ferðuðust á milli bæja og unnu fyrir sér með frétt aflutningi og rímnasöng. Konur sem og karlmenn voru þekktir af söngrödd sinni og kvæðaflutningi og fengu gjarnan viðurnefni af því. Meðal kvenna á 16. öld má nefna Vilborgu Jónsdóttur, móðursystur Guðbrands Þorlákssonar biskups, sem var ávallt nefnd Söngva-Borga og þótti syngja frábærlega vel. Söngva-Borga fór ótroðnar slóðir í lífinu, hún eignaðist barn í lausaleik og giftist aldrei.<sup>21</sup> Á 16. öld var Kvæða-Tobba vel þekkt á Vesturlandi, og á 17. öld lifði strokukonan Galdra-Manga sem var annáluð kvæðakona.<sup>22</sup> Þessar heimildir gefa til kynna að konur voru ekki síður virkir þátttakendur í veraldlegum söng en andlegum og gáfu karlmönnum lítið eftir á því sviði.

---

<sup>19</sup> George Steuart Mackenzie.: *Travels in the island of Iceland ...* , bls. 144-145.

<sup>20</sup> George Steuart Mackenzie.: *Travels in the island of Iceland ...* , bls. 145-146.

<sup>21</sup> *Íslands Árbækur í sögu-formi* III, bls. 61; *Íslenskar gátur, skemmtanir ...* II, bls. 259.

<sup>22</sup> *Íslenskar gátur, skemmtanir ...* II, bls. 261-265; Hallgrímur Helgason: *Íslenskar tónmenntir ...* , bls. 41-42.

## Niðurlag

Konur virðast hafa haft ólíkan sess í opinberum sálmasöng annars vegar og óopinberum hins vegar. Þær virðast ekki hafa sungið opinberlega í kirkjunni þrátt fyrir tilskipanir þess efnis og óskir yfirvalda. Konur voru hins vegar virkir þátttakendur í óopinberum söng, þeim söng sem tilheyrði heimilisguðrækninni og var hluti af daglegu lífi fjölskyldunnar. Þær tóku einnig þátt í tónlistarflutningi, um það vitna heimildir auk þess sem fjöldi sálmahandrita í eign kvenna og þær létu skrifa slík handrit fyrir sig, sum hver með nótum.

Konur höfðu mikil áhrif á safnaðarsönginn þó þær hafi setið þöglar í kirkjunni, þar sem safnaðarsöngurinn byggðist mikið til á þeim söng sem fram fór á heimilunum, meðal annars við húslesturinn þar sem sálmasöngurinn var lærður og æfður. Það þarf því ekki að efast um hversu stóru hlutverki þessi söngur innan heimilanna gengdi í opinberum sálmasöng kirkjunnar og mikilvægi kvenna í því samhengi. Konur léku einnig á hljóðfæri og nokkrar voru þekktar af veraldlegum söng. Íslendingar voru síður en svo sönglaus þjóð fyrr á öldum og hluti kvenna í tónlistarlífinu var engu síðri en karlanna, hvort sem þær sungu eða spiluðu.

## Heimildaskrá

### Prentaðar heimildir

*Bishop Guðbrand's vísnaþók 1612.* Monumenta Typographica Islandica. V.

Ritstjóri Sigurður Nordal. Kaupmannahöfn 1937.

*Graduale. Ein almennileg messusöngsbók, samantekin og skrifuð, til meiri og samþykkilegri einingar, í þeim söng og seremóníum, sem í kirkjunni skal syngjast og haldast hér í landi eftir ordinantíunni af h. Guðbrandi Þorlákssyni.* 1. útg. Hólar í Hjaltadal 1594.

Hallgrímur Helgason: *Íslenskar tónmenntir. Kvæðalög, forsaga þeirra, bygging og flutningsháttur.* Reykjavík 1980.

Hjalti Hugason: „Kristnir trúarhættir“. *Íslensk þjóðmenning* V. Ritstjóri Frosti F. Jóhannsson. Reykjavík 1988, bls. 75-340.

Hooker, William Jackson: *Journal of a tour in Iceland, in the summer of 1809.* I. 2. útg., með viðbæti, London 1813.

*Íslands Árbækur í sögu-formi.* Af Jóni Espólín, sýslumanni í Skagfjarðarsýslu. III. deild. Kaupmannahöfn 1824.

- Íslenskar gátur, skemmtanir, vikivakar og þulur* II. Safnað hefur Ólafur Davíðsson. Kaupmannahöfn 1888-1892.
- Jón Steingrímsson: *Ævisaga síra Jóns Steingrímssonar eftir sjálfan hann*. Guðbrandur Jónsson sá um útgáfuna. 2. útg. Reykjavík 1945.
- Lovsamling for Island* II, 1724-1748. Kaupmannahöfn 1853.
- Mackenzie, George Steuart: *Travels in the island of Iceland, during the summer of the year MDCCCX*. 2. útg. Edinburgh 1812.
- Magnús Gíslason: *Kvállsvaka. En isländsk kulturtradition belyst genom studier i bondebefolkningens vardagsliv och miljö under senare hälften av 1800-talet och början av 1900-talet*. Uppsala 1977.
- Margrét Eggertsdóttir: „Um kveðskap kvenna og varðveislu hans“. *Vefnir* 1999. Vefslóð: <http://www.bok.hi.is/vefnir/efni/margrete.htm>.
- Páll Eggert Ólason: „Ferill Passíusálmahandrits síra Hallgríms Péturssonar.“ *Skírnir* 101. árg. 1927, bls. 183-194.
- Pleijel, Hilding: *Hustavlans värld. Kyrkligt folkliv i äldre tiders Sverige*. Stockholm 1970.

### *Óprentaðar heimildir*

#### *Landsbókasafn Íslands – Háskólabókasafn*

- Guðrún Laufey Guðmundsdóttir: *Söngarfur íslensku þjóðarinnar. Rannsókn á upptökum laga við íslenska dagtíðasálma*. M.A. ritgerð við sagnfræðiskor heimspekideildar Háskóla Íslands. Reykjavík 2002.
- Guðrún Laufey Guðmundsdóttir: *Tónlistararfur Íslendinga á myrkum nýöldum og endurheimtun hans*. B.A. ritgerð við sagnfræðiskor heimspekideildar Háskóla Íslands. Reykjavík 2000.

#### *Landsbókasafn Íslands – Háskólabókasafn, handritadeild*

*ÍB 879 8vo.*

*Lbs 4391 8vo.*

*MS Borealis 77*. Filma er á handritadeildinni en frumritið er í Bodleian bókasafninu í Oxford, Englandi.